

YFIRLÝSING

um stuðning viðskiptalífsins við samkomulag um atvinnuréttindi ungs fólks í Japan og á Íslandi

Á fundi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, utanríkisráðherra, með Taro Kono, utanríkisráðherra Japans, 29. maí sl, var staðfest samkomulag um tímabundin atvinnuréttindi ungs fólks í Japan og á Íslandi. Samkomulagið mun efla mjög viðskiptasamband ríkjanna með því að gefa ungu fólki frá báðum löndum tækifæri á því að kynna atvinnulífi landanna. Nú þegar styðja japanska og íslenska ríkið ásamt þarlandum háskólum rausnarlega við unga námsmenn.


Össur, Icelandic Japan, Toyota á Íslandi, Hvalur, Hampiðjan Japan, Global Vision, Viking, Takanawa, Viðskiptaráð Íslands, Íslenska viðskiptaráðið í Japan og Japansk-íslenska viðskiptaráðið, hafa í dag, 31. maí 2018, ákveðið að leita leiða við að styðja við ungt fólk sem nýta mun nýgerðan samning Íslands og Japans um tímabundin atvinnuréttindi ungs fólks. Það verður m.a. gert með því að leggja til fjármuni í ferðasjóð, en ofangreindir aðilar hafa nú þegar staðfest að setja samtals 1.600.000 ISK í sjóðinn, sem vistaður verður hjá Japansk-íslenska viðskiptaráðinu í Reykjavík. Leitast verður eftir að efla sjóðinn enn frekar með framlögum frá áhugasömum fyrirtækjum.

Jafnframt mun Össur, sem hefur mikla starfsemi í Japan, auglýsa eftir ungu fólki frá Íslandi sem hefur áhuga á að koma til starfa hjá félaginu. Starfið fælist m.a. í undirbúningi aðkomu Össurar hf. að Ólympíuleikum fatlaðra 2020.

Aðilar að þessari yfirlýsingu vilja þannig hvetja ungt fólk frá báðum löndum til að nýta þetta góða samkomulag. Úr ferðasjóðinu verða veittir styrkir fyrir flugfargjöldum einstaklinga sem nýta sér samkomulagið. Skipuð verður valnefnd með fulltrúum frá viðskiptaráðunum þremur. Umsækjendur um tímabundin atvinnuréttindi ungs fólks, bæði frá Íslandi til Japans og frá Japan til Íslands, hafa þannig kost á því að sækja um endurgreiðslu á ferðakostnaði sínum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem auglýst verða síðar.


Undirritað í sendiráði Íslands í Tokyo, 31. maí 2018,

F.h. Össurar




Árni Alvar Arason, framkvæmdastjóri

F.h. Toyota á Íslandi




Úlfar Steindórsson, forstjóri

F.h. Hvals




Kristján Loftsson, forstjóri

F.h. Viking Travel




Yasuaki Yokokawa, forstjóri

F.h. Íslenska viðskiptaráðsins í Japan



Halldór E. Ólafsson, framkvæmdastjóri

F.h. Viðskiptaráðs Íslands




Asta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri

F.h. Icelandic Japan




Jónas Engilbertsson, forstjóri

F.h. Hampiðjunnar Japan




Kenta Inaba, forstjóri

F.h. Global Vision




Takashi Kamayachi, forstjóri

F.h. Takanawa




Bolli Thoroddsen, forstjóri

F.h. Japansk-íslenska Viðskiptaráðsins



Arsaell Harðarson, varaformaður

Vottur að undirskrift



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra